

VERKLAG VEGNA OFNÆMISVALDA Í FÆÐU

TÉKKLISTI FYRIR REKSTRARAÐILA MATSÖLUSTAÐA

STARFSFÓLK

- Þjálfði viðeigandi starfsfólk og gerið það vel upplýst um alvarleika ofnæmis,
- Gerið starfsfólki grein fyrir nauðsyn þess að **krossmengun eigi sér ekki stað**, með því að nota ávalt hrein áhöld, þrifa vinnusvæði vel og nota ekki sömu skeiðar, þeytara og önnur áhöld milli potta sé verið að elda fyrir fólk með mismunandi fæðuofnæmi,
- Tryggið að starfsfólk hafi greiðan **aðgang að upplýsingum um skilgreinda ofnæmisvalda*** og sé jafnóðum upplýst um breytingar á innihaldi. Leggið áherslu á að starfsfólk fletti upp innihaldslýsingum sé það spurt en svari ekki eftir minni,
- Óinnpakkaður matur: hvetjið til og **tryggið að viðskiptavinir** fái viðeigandi og umbeðnar upplýsingar annað hvort með skiltum eða munnlega þegar pantað er.

BIRGJAR

- **Tilgreina matvæli eða hráefni** frá birgjum sem innihalda **skilgreinda ofnæmisvalda***,
- Biðjið birgja um að **láta vita af breytingum á stöðu skilgreindra ofnæmisvalda***, helst áður en breyting verður á innihaldi. Samþykkið ekki afhendingar án þess að fá lista yfir innihaldsefni (innihaldslýsingu).

GEYMSLA OG MEÐHÖNDLUN

- Geymið ofnæmisvaldandi hráefni eða matvæli sem innihalda skilgreinda ofnæmisvalda* þannig að **hættan á krossmengun** sé lágmörkuð. Gætið þess að umbúðir séu heilar og lokaðar.

FRAMLEIÐSLU- FERLI

- Gangið úr skugga um að **farið sé eftir uppskriftum** og að rétt innihaldsefni séu notuð,
- Haldið **skriflegar og uppfærðar** skrár yfir öll matvæli sem innihalda skilgreinda ofnæmisvalda*,
- Útbúið skýr ferli til að **lágmarka hættu á krossmengun**. Best er að fara eftir leiðbeiningunum í „FoodDrinkEurope Allergen Management Guideline“ fyrir nákvæmari og yfirgripsmeiri leiðbeiningar.

NEYTANDA- UPPLÝSINGAR

- **Innpakkaður matur:** skilgreindir ofnæmisvaldar* verða að vera tilgreindir á umbúðum matvælanna, annað hvort feitletraðir eða ritað með hástöfum,
- **Óinnpakkaður matur:** upplýsingar er hægt að veita skriflega eða munnlega. Ef upplýsingarnar eru veittar munnlega verður að tryggja að skriflegar upplýsingar séu einnig til staðar og að þær séu skýrar, uppfærðar og vel sjáanlegar. Ef breyting verður á rétti skal tilkynna starfsfólki um það skriflega ásamt munnlegum leiðbeiningum.

*Skilgreindir ofnæmisvaldar: Bls. 3: Kornvörur sem innihalda glúten. Fæðutegundir sem innihalda mjólk, mjólkursykur, egg, hnetur, jarðhnetur og möndlur, sojabauur og afurðir úr þeim, sellerí, sinnep, sesam, fiskur og fiskafurðir, skelfiskur, krabbadýr, lindýr og afurðir úr þeim, lúpína og súlfít (>10mg/kg eða >10ml/L). <https://efanet.online/islensku/matarofnaemi>

EFA er málþípa yfir 200 milljón einstaklinga í Evrópu með ofnæmi, astma og langvinna lungnateppu.
35 Rue du Congrès, 1000 Brussels, Belgium / Tel.: +32 (0)2 227 2712 / E-mail: info@efanet.org
Transparency Register Identification Number: 28473847513-94

